

Fyrsta ökuferð til Loðmundarfjarðar

Austfjarðahálendi heitir hálendisbáلكur einn mikill, sem gengur til norðausturs úr aðalhálendi landsins, milli Fljótsdalshéraðs og Fjarða. Skerast Austfirðir inn í hálendi þetta að austan, og ganga úr því álmur milli fjarðanna víða í sjó fram þannig, að sums staðar er með öllu ófært milli byggða í fjörðunum með sjónum og erfitt að gjöra þar viðhlítandi vegi (sbr. Norðfjarðarnípu, Skálanesbjarg, Brimnesfjall o. fl.).

Austfjarðahálendi endar í snarbröttum fjöllum, sem ganga í sjó fram milli Héraðsflóa að norðan og Njarðvíkur að sunnan. Mjög er hálendi þetta sundurskorið af daladrögum og giljum, sem liggja ýmist til Fjarða eða til Héraðs. Milli þeirra daladraga verða því fjöll ýmist strýtur eða ávalir hnúkar og skörð á milli. Um þessa dali eða skörð liggja samgönguleiðirnar á landi milli Héraðs og Fjarða. Vegna hafnleysisins við Héraðsflóa hafa Héraðsbúar öldum saman orðið að sækja sína björg í bú yfir hálendið til hafna í fjörðum niðri. Þrautseigju mikla hafa Héraðsbúar sýnt og þurft á að halda á umliðnum öldum í fangabrögðum við torsóttar leiðir og óblíða veðráttu í ferðum sínum yfir fjöll þessi til aðdráttar, og margar sögur eru til um hrakninga og svaðilfarir í þeim ferðum. Veitti þá ýmsum betur. Ósjaldan var það, að ferðamaður kunni ekki frátíðindum að segja, en lagðist til hinztu hvíldar í faðmi

fjallanna. Gamlir menn segja, að frá því um 1880 hafi 12 menn orðið úti á Fjarðarheiði.

Á síðustu árum hafa verið lagðir akfærir vegir yfir Austfjarða-hálendið milli Héraðs og hinna ýmsu fjarða og einnig sums staðar milli fjarðanna sjálfra. Eru nú aðalsamgönguleiðir Héraðsbúa til fjarða um Fagradal til Reyðarfjarðar, Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar og um Vatnsskarð og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar, um Breiðdalsheiði til Breiðdals og annarra suðurfjarða.

Seyðisfjörður var um miðja nítjándu öld og fram á þá tuttugustu aðalverzlunarstaður Héraðsbúa og allur varningur þá fluttur á klökkum yfir Fjarðarheiði. Færðist svo verzlunin þaðan til Reyðarfjarðar, því að þaðan var fyrst lagður akfær vegur til Héraðs.

Næsti fjörður norðan Seyðisfjarðar er Loðmundarfjörður. Loðm-firðingar komust síðastir allra Austfirðinga í vegarsamband. Má segja að þeir séu raunar enn vegarsambandslausir, þótt komast megi þaðan, þegar þurrast er á sumrin, á jeppum til Borgarfjarðar. Var sá ruðningur gerður fyrir 4—5 árum.

Það hefur nú um sinn þótt mikið sport að aka á jeppum um veglaus öræfi og fjöll. Má rekja tildrögin að því, að komið var ruðningsvegi til Loðmundarfjarðar, að sumarið 1959 réðumst við nokkrir félagar í það að fara á jeppa til Loðmundarfjarðar og tókst það. Skal hér nokkuð sagt frá því ferðalagi.

Laugardaginn 5. september 1959 var ferðin ákveðin til Loðmundarfjarðar. Árla voru ferðafélagarnir á fótum þann morgun, en þeir voru: Jóhann Valdórsson bóndi Práandarstöðum í Eiðarþinghá, Sigurður Magnússon bóndi Hjartarstöðum í Eiðarþinghá, Gunnar Gunnarsson vélstjóri, Egilsstaðakauptúni, Víkingur Gíslason Skógargærði í Fellum, sem lagði til bifreiðina, landbúnaðarjeppa, og ég, sem þetta rita, þá staddur í bústað vegavinnumanna hjá Steinholti í Eiðarþinghá.

Við ókum út Eiðarþinghá að Hjartarstöðum. Fengum við hressingu hjá Sigurði bónda, áður en lagt væri til fjalls. Ákveðið hafði verið að fara Hraundal, sem liggur milli Héraðs og Loðmundarfjarðar allhált í fjalllendinu milli Beinageitarfjalls að norðan og Botndalsfjalls að sunnan. Veður var ágætt, suðvestan gola og hjartviðri óg hélzt svo allan daginn.

Sigurður á Hjartarstöðum er allra manan kunnugastur landslagi í fjallinu upp af Hjartarstöðum og hlíttum við hans leiðsögn fyrst lengi. Var nú ekið vegleysur einar, en greiðfæra leið um fjallið og yfir hálsa til Hraundals. Hér í fjallinu og hálsinum er grösugt land og gott til beitar. Sagði Sigurður okkur, að gemlingarnir frá Hríót hefðu ekki allir kunnað átið, er þeim komu í hús í sumar-málshreti 1929, en veturinn 1928—1929 var einmunagóður hér eystra. Ofarlega í hálsinum lá leiðin yfir gamla og gróna götutroðninga. Nefnist það Borgfirðingavegur. Eru þær götur frá þeim tíma, er Borgfirðingar þurftu að sækja sína björg á hestum til þess verzlunarstaðar við Reyðarfjörð, sem var eini verzlunarstaðurinn á norðanverðum Austfjörðum sunnan Héraðsflóa. Fóru Borgfirðingar þá Sandaskörð upp úr Borgarfirði og ofar bæjum í Hjaltastaðapinghá og síðan sennilega Eskifjarðarheiði til Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Af hálsinum hallar nokkuð niður á Hraundalinn. Fórum við þar niður með Hölná, sem kemur innan með Botnsdalsfjalli og fellur við norðausturhorn þess niður í Hraundal og í Bjarglandsá, sem eftir Hraundal rennur. Bjarglandsá fellur síðan norðaustur, í djúpu gili gegnum hálsana.

Fallegt er um að litast, er inn á Hraundal kemur. Er það víður hamrasalur, vel gróinn hið neðra, en brattar hlíðar og hömrum girt hið efra. Við ökum inn með ánni, sem liðast þar milli greiðfærra, gróinna bakka. Eftir stundarkorn komum við að tóft einni gamalli og gróinni. Hér segja menn, að Margrét hin ríka Þorvarðardóttir á Eiðum hafi haft í seli, eða jafnvel beitarhús. Hvað sem um það er, þá eru hér leifar mannvirkja frá fyrri tíð. Beinahjalli heitir hjalli uppi í hliðum Beinageitarfjalls ekki alllangt frá tóftinni. Segja menn þar sé enn að finna bein úr sauðfé eða geitfé og hafi það farizt þar í fönn. Sigmundarhraun heitir innar í dalnum. Á smalinn að hafa orðið þar úti, sá er gætti fjárins í Hraundal.

Er við höfðum fengið okkur bita og gengið aftur frá malpokum okkar, héldum við förinni áfram inn Hraundal. Ökum við meðfram ánni og gekk greiðlega. Þegar innar í dalinn kemur, þrengist hann og hækkar. Þrýtur þá nokkuð graslendi, en við taka grýtt holt og síðast 2—3 brattar brekkur, mjög grýttar upp á varpið. Við klöngruðumst þar upp og gekk slysalaust. Hallar þá strax niður



Stakkahlið í Loðmundarfirði. Karlfell til vinstri.

til Loðmundarfjarðar og virtist torsóttleg niðurgangan í efstu brekkunum með bílinn. Varð þar fyrir okkur stórgrýti mikið í brekkum og klettótt mjög. Var nú haldin ráðstefna um, hvað gjöra skyldi. Hætta á niðurgöngu eða snúa við. Eitt er víst, að þótt við kæmumst niður, þá var útilokað að komast þarna upp aftur með bílinn. Ég hafði einu sinni farið yfir Nesháls til Loðmundarfjarðar og taldi, að þar mundi takast að koma jeppanum yfir, ef í harðbakkann slægi.

Jóhann Valdórsson fýsti mjög að fara þarna niður og halda ferðinni áfram. Hann þóttist þekkja sig vel þarna Loðmundarfjarðarmegin. Var það og trúlegt, því að hann hafði verið um 5 ár í Stakkahlið í Loðmundarfirði og fengið þaðan konu sína, Huldu dóttur Stefáns bónda Baldvinssonar. Sagði Jóhann líka, að þetta væri „aðalbrekkan,“ sem við höfðum nú þegar séð. Varð það því að ráði að halda áfram ferðinni. Er ekki að orðlengja það, að þarna mættum við mestu erfiðleikum fararinnar, sem voru að koma jeppanum niður allar þær brekkur, urðir, fannir, læki og gil, sem

urðu þarna á vegi okkar, en þetta tókst. Kom þá upp úr kafinu, að þær voru fleiri „aðalbrekkurnar,“ þótt Jóhann lofaði okkur í hvert sinn, að þessi væri nú „aðalbrekkan.“ Virtist okkur hann hafa tekið betur eftir einhverju öðru í Loðmundarfirði en landslaginu.

Hrauná heitir á sú, er fellur um Hraundal til Loðmundarfjarðar. Fellur hún gegnum Stakkahlíðarhraun neðst í dalnum. Þar er biksteinn sem kunnugt er. Ofan við hraunið eru flesjar nokkrar aðallega austan árinna. Munu það Fitjar heita. Efst í flesjunum er steinrunnin tréhnyðja, sem komin er þangað úr lækjargili vestan við Orustukamb. Munu þeir Stakkhlíðingar hafa haft hug á að koma trénu heimundir, en reynzt erfitt sökum þyngsla þess og vegleysunnar, sem fara þarf. Við skoðuðum tré þetta. Er auðsætt, að þegar það var og hét, hefur verið blómlegur gróður á þessum slóðum. Ummál þess er nálega feðmingur.

Nú var dagur að kvöldi kominn, og húmið færðist yfir. Hröðuðum við því ferðinni sem við gátum undir leiðsögn Jóhanns yfir Stakkahlíðarhraun og niður í Stakkahlíð. Var þá klukkan um tíu um kvöldið. Hefur því ferðin frá Hjartarstöðum tekið um tólf klukkustundir. Vegalengdin mun vera um 30 kílómetrar.

Við fengum hinar ágætustu viðtökur í Stakkahlíð, eins og vænta mátti. Var jeppi okkar fyrsta bifreiðin, sem ekið var þar í hlað, og þótti tíðindum sæta.

Í Stakkahlíð bjuggu Stefán Baldvinsson og kona hans, Ólafía Ólafsdóttir. Stefán lézt í ágúst 1964. Þar býr og sonur hans, Sigurður, ókvæntur. Þar býr einnig tengdasonur Stefáns, Magnús Sigurðsson bónda á Miðhúsum, Steindórssonar bónda á Dalhúsum Hinrikssonar. Kona Magnúsar er Ásta Stefánsdóttir. Magnús er fjörmaður mikill, eins og hann á kyn til og dugnaðarmaður, enda mun honum hafa búnast vel í Stakkahlíð. Þar eru ekki landþrengslin, aðeins tvær jarðir í byggð í firðinum nú. Erfitt er því um smalamennskur allar og fjárskil. Er það ekki heiglum hent að búa við þær aðstæður og einangrun, sem þar er. Má fullyrða það, að sú byggð, sem enn helzt í Loðmundarfirði, byggist ekki hvað sízt á dugnaði og þrautseigju Magnúsar og konu hans.

Enda þótt að nafninu til sé fært jeppum til Borgarfjarðar á sumrin, fá Loðmfirðingar föng sín öll frá Seyðisfirði, aðallega með



Í Hryggjarbrekku í Neshálsi.

báti. Landleið þeirra til Seyðisfjarðar liggur yfir Hjálmárdalsheiði, mjög brattan og erfiðan fjallveg, ófæran öllum ökutækjum. En þeir eiga góða hesta, Loðmfirðingar, og telja ekki eftir sér að leggja á og skreppa í bæinn, ef þörf krefur. Um Tó liggur reiðvegur úr Loðmundarfirði til Héraðs. Er þá farið upp úr Bárðarstaðadal, en svo nefnist dalurinn innan við Bárðarstaði, og komið niður í Gilsárteig í Eiðarþinghá.

Allir vita, sem til þekkja, hversu miklir höfðingjar þeir Stakkhlíðingar eru heim að sækja. Nutum við í ríkum mæli gestrisni þeirra og fyrirgreiðslu.

Sunnudagur rann upp, bjartur og fagur. Spáði það góðu um framhald ferðarinnar. Seint hafði verið gengið til náða kvöldið fyrir, því að margt þarf að ræða og mikið í sig að láta af mat og drykk, þegar heimsóttir eru slíkir höfðingjar sem þeir, er í Stakka-hlíð búa. Klæddir og komnir á ról vorum við milli átta og níu um morguninn. Byrjað var að líta á farartækið, sem reyndist nokkurn veginn óskaddað, en eldsneyti þess á þrotum. Varð úr því að bæta, og gerði Trausti bóndi Stefánsson það. Hann bjó á Sævarenda

hinum megin árinna, gegnt Stakkahlíð. Hann er nú fluttur til Seyðisfjarðar.

Eftir að hafa þegið rausnarlegar veitingar, var ekið úr hlaði í Stakkahlíð um klukkan tíu á sunnudagsmorgun, undir leiðsögn þeirra Stakkhlíðinga og Trausta bónda á Sævarenda. Ákveðið hafði verið að fara Nesháls til Húsavíkur, en þangað var kominn ruðningsvegur, fær jeppum. Haldið var út með firði að norðan, að Seljamýri, sem er eyðibýli, eitt af mörgum í Loðmundarfirði. Er út fyrir Seljamýri kom, var beygt af götunum til fjalls. Þar liggur reiðvegur. Heita þar Hryggjarbrekkur er ráðizt var til uppgöngu á hálsinn. Sniðgata var þar í bröttustu brekkunni og grjót mikið. Skildum við jeppann eftir í botni einum neðan til í brekkunni og gengum í það að ryðja grjóti úr götunni og frá henni. Gekk það greiðlega, enda höfðum við góða hjálp, þar sem voru Magnús í Stakkahlíð, Trausti á Sævarenda og Stefán sonur hans. Minnistæður mun okkur verða ótti sá, sem okkur greip efst í Hryggjarbrekku. Við höfðum losað í götjuaðrinum stóran stein, sem eðlilega valt undan brekkunni, og gat enginn mannlegur máttur stöðvað hann. En samstundis varð okkur ljóst, að hann stefndi beint á jeppann, er þá var að vísu í hvarfi. Það var naumast, að við þorðum að gægjast niður í botninn, þar sem jeppinn stóð, svo hræddir vorum við um, að steinninn hefði lent á hann. En hamingjan var okkur hliðholl þá eins og reyndar oftár í þessu ferðalagi. Steinninn hafði stöðvazt rétt neðan við jeppann og farið einu skrefi aftan við hann. Var þá þungu fargi af okkur létt, því að hefði steinninn lent á bílnum, hefði hann gjöreyðilagzt.

Við höfðum það af að koma jeppanum upp úr Hryggjarbrekkum. Var það örðugasti hjallinn á leiðinni yfir Nesháls. Greiðfært var yfir hálsinn sjálfan og hægt undanhaldið niður í Húsavík. Þegar þangað var komið á veginn, var ferðinni um vegleysur lokið. Var það um klukkan sex síðdegis.

Áður en Loðmundarfjörður hvarf okkur sýnum af Neshálsi, var að og þeir Loðmfirðingar kvaddir og þeim þökkuð öll þeirra fyrir greiðsla í ferðinni. Þaðan af Neshálsi við rætur Skælings er fallett í góðu veðri að líta yfir sveitina, sem flestir hafa nú yfirgefið. Við fætur okkar, niðri undir sjó eru eyðibýlin Nes, Neshjáleiga og

Seljamýri. Við sjáum inn eftir dalnum inn af fjarðarbotninum. Fjarðaráin liðast eftir dalnum milli rennisléttra grösugra bakka. Sunnan fjarðar blasir við eyðibýlið Hjálmárströnd, þá er Sævar-
endi (í byggð). Innar er eyðibýlið Árnastaðir. Norðan ár er innst
eyðibýlið Bárðarstaðir, utar Úlfsstaðir og Klyppsstaður, nú bæði
í eyði. Uppi yfir byggðinni gnæfa hin tignarlegustu fjöll. Má nefna
Gunnhildi að sunnan, Herfell og Karlfell að norðan.

Nú voru Loðmfirðingar kvaddir, og héldu hvorir í sína átt. Við
til Húsavíkur og þaðan um Húsavíkurheiði til Borgarfjarðar, um
Njarðvíkurskriður til Njarðvíkur og þaðan sem leið liggur til Hér-
aðs. Loðmfirðingar héldu heim í dalinn sinn milli háu fjallanna
tignarlegu, þar sem þeirra beið mikið starf við að ljúka heyskap
sínun, ótruflaðir af ys og þys umheimsins. Var ekki trútt um, að
við öfunduðum þá af sveitarsælunni. Engan okkar mun þó hafa
fýst að flytjast til þeirra, vitandi um alla erfiðleika einangrunar-
innar, sem mest stafa af vegleysun til allra átta.

Skráð í dymbilviku 1966.